
Færsla óss Lagarfljóts og Jöklu í Héraðsflóa, Fljótsdalshéraði Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar fyrirhuguð færsla óss Lagarfljóts og Jöklu í Héraðsflóa, Fljótsdalshéraði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði og leyfi Orkustofnunar skv. 75. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Bent er á að tengja vöktun áhrifa af framkvæmdinni vöktun áhrifa er tengist Kárahjúkavirkjun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. janúar 2014.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 22. nóvember 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um fyrirhugaðar breytingar á ósi Lagarfljóts og Jöklu í Héraðsflóa, Fljótsdalshéraði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 10 e og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Fiskistofu, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 29. nóvember 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 11. desember 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 17. desember 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. desember 2013. Landsvirkjun staðfesti móttöku umsagna með tölvupóstum, dags. 12. og 17. desember 2013 og gerði ekki athugasemdir við þær.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd felist í því að grafa um 200 m langan og 10 m breiðan skurð í gegnum fjörukambinn um 3,5 km suðaustan við núverandi ós Lagarfljóst, þar sem ósinn hefur jafnan verið frá 1945 til 2000. Frá því rekstur Kárahnjúkavirkjunar hófst hafi ós Lagarfljóts/Jöklu færst um 1,3 km til norðurs og sé ósinn nú 3,2 km norðar en hann hafi oftast verið á síðustu öld. Orsökinn fyrir færslu óssins sé ekki þekkt en staðsetning ósa vatnsfalla á sandströndum geti verið mjög breytileg (háð m.a. veðurfari, strandstraumum og ístíflum). Í ljósi þess að færslan á ósi Lagarfljóts og Jöklu til norðurs hafi byrjað áður en rekstur Kárahnjúkavirkjunar hófst sé ekki á einhlítan hátt hægt að tengja breytinguna byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Fram kemur að botn skurðarins muni ná um 1 m niður fyrir meðalsjávarhæð og gert sé ráð fyrir að árvatnið grafi síðan nýja ósinn út samhliða því að brimið loki núverandi ósi. Rúmmál skurðarins verði um 12.000 m³, efnið verði lagt til hliðar við hann og árvatnið beri það síðan til sjávar samhliða því að nýr ós grefst út. Áætlaður framkvæmdatími er í janúar/febrúar eða október/nóvember 2014. Við framkvæmdina verður notuð 50 tonna beltagrafa og 20 tonna jarðýta sem verði flutt á vélavagni að bænum Hóli og ekið þaðan eftir núverandi slóð niður á fjörukambinn. Tækin muni síðan fara á framkvæmdasvæðið eftir fjörukambinum sjávarmegin til að lágmarka spjöll á gróðri.

Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar er að draga úr líkum á því að vatn úr Lagarfljóti og Jöklu brjóti sér leið yfir í Fögruhlíðará.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að ósinn verði ekki festur á nýjum stað til frambúðar með grjótvörn, framkvæmdinni fylgi engin varanleg mannvirki og að mati framkvæmdaraðila engin neikvæð áhrif á umhverfið.

Framkvæmdasvæðið sé í landi Hóls og Hólshjáleigu sem séu í eigu Fljótsdalshéraðs. Landeigendur beggja þessara jarða eru hlynntir framkvæmdinni samanber bókun frá skipulags- og mannvirkjanefnd Fljótsdalshéraðs, dagsett 13. nóvember 2013 og bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dagsett 21. nóvember 2013. Nytjar á reka á framkvæmdasvæðinu tilheyrja Húsey sem sé ríkisjörð. Ábending hafi komið frá landeigendum norðan árinna um að hætta sé á að áin brjóti sér leið yfir í Fögruhlíðará ef færslan á ósnum til norðurs haldi áfram og er framkvæmdin að beiðni landeigenda í Hólmatungu, Ketilsstöðum, Húsey og Hóli.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé gróðurlaust sandrif. Það liggja ýmist innan svæða nr. 639 og 605 á náttúrminjaskrá, háð legu óssins á hverjum tíma, en verndargildi svæðanna sé talið vera lítið spillt votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.

Áhrif á fisk. Fram kemur að Veiðifélag Lagarfljóts hafi lýst áhyggjum af því að sú staða geti skapast að brimið nái ekki að loka núverandi ósi þrátt fyrir fyrirhugaða framkvæmd. Landsvirkjun svarar því til að ef sú staða komi upp muni fyrirtækið loka þeim ósi með því að moka fjörusandi í hann og beina Jöklu í sameiginlegan ós með Lagarfljóti. Í fylgiskjali, bréf Veiðimálastofnunar til Landsvirkjunar, dags. 19. september 2013, kemur fram að verði ósinn færður til fyrra horfs sé ekki að sjá að það muni valda

teljandi skaða á lífríki ána. Verði framkvæmdin í nóvember sé það utan göngutíma fiska og veiðitíma og ætti því ekki að valda truflun á þeim þáttum.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028, enda verði ósinn grafinn út á þeim stað sem hann hafi jafnan verið frá 1945-2000 og framkvæmdinni fylgi engin varanleg mannvirki.

Það er mat Landsvirkjunar að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og hindri skerðingu á verndargildi svæðis sem er á náttúruminjasrá.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Fljótsdalshéraðs, Fiskistofu og Umhverfisstofnunar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Orkustofnun tekur ekki afstöðu til matsskyldu.

Fljótsdalshérað vísar til endurtekinna bókana, skipulags- og mannvirkjanefndar, bæjarráðs og bæjarstjórnar og gerir ekki athugasemd við framkvæmdina.

Fiskistofa telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á lífríki ána ef hún fara fram á þeim tíma ársins sem tilgreindur er í framkvæmdalýsingu, janúar/febrúar eða október/nóvember 2014. Hún muni líklega forað því að aðstæður til veiða í Fögruhlíðará spillist, en þar séu nokkrir veiðihagsmunir.

Orkustofnun bendir á hlutverk sitt sem leyfisveitanda skv. 75. gr. vatnalaga nr. 15/1923 með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin sé ýmist innan svæða nr. 639 eða nr. 605 á náttúruminjasrá, háð legu óssins. Verndargildi beggja svæðanna felist í gróðurfari og fuglalífi. Stofnunin telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á umrædd svæði og gæti jafnvel hindrað rask á svæði nr. 639 sem er á milli Fögruhlíðarár og Jökulsár á Brú.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér að gert er ráð fyrir að grafa um 200 m langan og 10 m breiðan skurð í gegnum fjörukambinn um 3,5 km suðaustan við núverandi ós Lagarfljóts og Jöklu út í Héraðsflóa þar sem ósinn hefur jafnan verið á árunum frá 1945 til 2000. Botn skurðarins mun ná um 1 m niður fyrir meðalsjárvarhæð og gert er ráð fyrir að árvatnið grafi síðan nýja ósinn út samhliða því að brimið lokar núverandi ósi. Rúmmál skurðarins verður um 12.000 m³, efnið lagt til hliðar við skurðinn og gert ráð fyrir að árvatnið mun síðan bera það til sjávar þegar ósinn grefst út. Markmið framkvæmdarinnar er að draga úr líkum á því að vatn úr Lagarfljóti og Jöklu brjóti sér leið yfir í Fögruhlíðará. Breytt lega óssins og hætta á frekara landbrot og álagi af Lagarfljóti og Jöklu hefur áhrif á svæðum sem njóta verndar samkvæmt c-lið 2. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast rökun eins og kostur er. Framkvæmdin felur því í sér breytingu á árfarvegi til að hemja vatn á verndarsvæði.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að í mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var því spáð að ákveðnar breytingar yrðu á gróðurfari þessa svæðis við Héraðssands, m.a. myndi rennsli úr Lagarfljóti aukast og m.a. gert ráð fyrir breytingu á votlendi og deiglendi beggja vegna fljótsins austur af Húsey og eyrum við fljótið (Sérfræðiskýrsla N.Í., bls. 6). Í mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var fjallað um ýmsar mótvægisáðgerðir við framkvæmdina en engar til að bregðast við því ástandi sem nú virðist vera komið fram við ósa Lagarfljóts og farið að valda áhrifum á land í átt að Fögruhlíðará. Því telur Skipulagsstofnun að jafnframt megi líta svo á að fyrirhuguð aðgerð sé viðbót við framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 e og 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að þar sem framkvæmdasvæðið er gróðurlaust sandrif hafi framkvæmdin engin bein áhrif á gróður og fuglalíf. Hins vegar megi búast við óbeinum jákvæðum áhrifum á

svæðum nr. 639 og 605 á náttúrminjaskrá þar sem um er að ræða lítið spillt votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi sem er undir álagi frá ánum vegna breyttrar legu óssins. Einnig er hættu á, ef ósinn er ekki færður, að árnar brjóti sér leið yfir í Fögruhlíðará og kunni það að hafa í för með sér gróður- og jarðvegseyðingu auk neikvæðra áhrifa á fisk í ánni. Mikilvægt er að framkvæmdin verði á fyrirhuguðum framkvæmdatíma til þess að hún trufla ekki göngur fiska eða veiði.

Ummerki eftir akstur tækja á leið út á sjávarkambinn munu sjást a.m.k. tímabundið, en slóðir í sandinum hverfa fljótt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsvirkjunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsvirkjunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð færsla óss Lagarfljóts og Jöklu í Héraðsflóa, Fljótsdalshéraði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði og leyfi Orkustofnunar skv. 75. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Bent er á að tengja vöktun áhrifa af framkvæmdinni vöktun áhrifa er tengist Kárahnjúkavirkjun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. janúar 2014.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Skipulagsstofnun